



Guðmundur Gunnarsson
Þórdís Sif Sigurðardóttir

Erindi vegna rekstrar Edinborgarhúss

5. október 2018

Bæjarstjóri Guðmundur Gunnarsson og bæjarritari Þórdís Sif Sigurðardóttir.

Erindi þetta er sent til að fylgja eftir fundi fulltrúa stjórnar Edinborgarhússins og rekstrar- og viðburðarstjóra þess með bæjarstjóra og bæjarritara þann 12. september síðastliðinn.

Fundurinn var haldinn til að upplýsa bæjarstjóra um stöðu mála hjá Edinborgarhúsinu.

Fundinum var jafnframt ætlað að fylgja eftir fundi stjórnar Edinborgarhússins með bæjarráði þann 13. nóvember 2017. Niðurstaða fundarins með bæjarráði var sú að fela bæjarstjóra að vinna að málinu í samstarfi við Edinborgarhúsið. Í framhaldinu fékk stjórn Edinborgarhússins Vestfjarðarstofu til að vinna greiningu á rekstrarumhverfi Edinborgarhússins í samanburði við menningarhús á landsbyggðinni sem eru sambærileg Edinborgarhúsinu. Þegar drög að þeirri skýrslu lágu fyrir var stutt til kosninga og þótti ekki rétt að draga þetta málefni inn í það samhengi.

Lokagerð skýrslu Vestfjarðarstofu liggur nú fyrir ásamt ársreikningi Edinborgarhússins 2017 en þessi tvö gögn eru mikilvæg fylgigögn þessa erindis og eru þau hjálögð. Einnig fylgir greinargerð rekstrarstjóra Edinborgarhússins til skýringar á fjármögnun uppbyggingar Edinborgarhússins samkvæmt samkomulagi Ísafjarðarbæjar og menntamálaráðuneytisins. Einnig fylgir rekstraráætlun Edinborgarhússins fyrir 2018 og 2019.

Í tillögum Vestfjarðarstofu er lögð áhersla á að rekstur menningarhússins Edinborgar verði festur í sessi með svipuðum aðferðum og notaðar eru víða um land hvað varðar menningarhús sem þjóna sambærilegum tilgangi og Edinborgarhúsið. Er þar sérstaklega litið til Fljótsdalshéraðs þar sem rekin eru menningarhús sem virðist nokkuð sambærileg við rekstur Edinborgarhússins. Stjórn Edinborgarhússins tekur undir með Vestfjarðarstofu um að slíkt módel myndi skapa öruggan rekstrargrundvöll fyrir Edinborgarhúsið til lengri tíma.

Ljóst er að sú vinna krefst aðkomu, ríkis, sveitarfélags og Edinborgarhússins. Fyrirséð að sú

Edinborg ehf Kennitala **590992 2779** Bankareikningur **0154-26-002779**
Aðalstræti 7 400 Ísafjörður edinborg@edinborg.is Sími 456-5444



vinna mun taka tíma og kosta sameiginlegt átak Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins. Vestfjarðarstofa hefur janframt boðið fram aðstoð við þá vinnu. Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum er ljóst að grípa þarf til aðgerða strax til að bregðast við stöðunni. Þær aðgerðir þola ekki mikla bið og því förum við þess á leit við Ísafjarðarbæ að koma til móts við Edinborgarhúsið hvað þann bráðavanda varðar. Eins og fulltrúar Edinborgarhússins lýstu á fyrrnefndum fundið með bæjarstjóra og bæjarritara í síðasta mánuði eru að okkar dómi t.d. tvær leiðir færar hvað það varðar: 1. Að grípa til uppsagnar eða starfshlutfallsskerðingar starfsmanns, með tilheyrandi afleiðingum fyrir starfsemi hússins. 2. Að fá aukið fé inn í reksturinn til að standa undir starfseminni í óbreyttri mynd þar til langtímalausn er fundin.

Virðingarfyllst,

Jón Sigurpálsson

Gísli Jón Hjaltason

Ingi Björn Guðnason

Matthildur Helgadóttir Jónudóttir rekstrar og viðburðarstjóri

Fylgiskjöl:

Ársreikningur 2017

Rekstraráætlun 2018

Rekstraráætlun 2019

Skýrsla unnin af Vestfjarðarstofu

Minnisblað um framlag Ísafjarðarbæjar til uppbyggingar Edinborgarhúss